

## Lög

um

Nr. 65.

14. nóvbr.

breytingu á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breytingu á þeim lögum.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað 1. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., síðasta másl. í 8. gr., 1. málsgr. í 11. gr., 1. másl. í 12. gr., 13. gr., 15. gr., 19. gr., 20. gr. og 1. gr. laga nr. 43, 11. júlí 1911, 3. másl. 1. málsgr. í 21. gr., síðasta másl. í 25. gr., 29. gr. og 2. gr. laga nr. 43, 11. júlí 1911, og 30. gr. laga nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, komi svo hljóðandi greinar:

## 1. gr.

(1. gr. laga 8. okt. 1883).

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra, sem er oddviti hennar.

Bæjarstjórnin kys sjer forseta á fundum úr flokki bæjarfulltrúaanna.

Bæjarstjórnin kys bæjarstjóra til 3 ára í senn, og ákveður laun hans og skrifstofufje, er hvorttveggja greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefir því að eins atkvæðisrjett, að hann sje jafnframt bæjarfulltrúi.

## 2. gr.

(3. gr. laga 8. okt. 1883).

Bæjarfulltrúar skulu vera 11 að tölu. Þó getur stjórnarráðið breytt tölu þeirra eftir tillögu bæjarstjórnarinnar. Skulu bæjarfulltrúarnir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

## 3. gr.

(4. gr. laga 8. okt. 1883).

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í bænum 1 ár þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrði fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, eigi heldur foreldrar og börn nje móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konu jafnan að skorast undan kosningu.

Nr. 65.  
14. nóvbr.

## 4. gr.

(5. gr. laga 8. okt. 1883).

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 6 ára, 4 annað hvert ár á 4 fyrstu árum kjörtímabils og 3 á 2 síðustu árunum. Í janúar næstum eftir kosningu bæjarstjórnar samkvæmt 1. gr. skulu þó fulltrúar kosnir fullri tölu. Fara 4 þeirra frá eftir 2 ár, aðrir 4 eftir 4 ár, allir eftir hlutkesti, og 3 eftir 6 ár. Fari fulltrúi af öðrum ástæðum frá á kjörtímabilinu, skal kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

## 5. gr.

(Síðasti málsliður 8. gr. laga 8. okt. 1883).

Sá, sem gegnt hefir fulltrúastörfum í 6 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

## 6. gr.

(1. málgr. 11. gr. laga 8. okt. 1883).

Forseti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

## 7. gr.

(1. málsliður 12. gr. laga 8. okt. 1883).

Virðist bæjarstjóra, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða hún sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gerðabókina.

## 8. gr.

(13. gr. laga 8. okt. 1883).

Í öllum málefnum um uppeldi og fræðslu barna hefir formaður skólaneftdarinnar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því að eins, að hann sje bæjarfulltrúi.

## 9. gr.

(15. gr. laga 8. okt. 1883).

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfjelagsins samkvæmt hafnarlögum.

## 10. gr.

(19. gr. laga 8. okt. 1883).

Niðurjöfnun eftir efnun og ástæðum nær til allra, sem hafa lögheimili eða hafa fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá útsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Á hvers konar atvinnu, sem rekin er í bænum og talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða kaupskap eða þilbátáutgerð, má gjald leggja, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarstaðar. Á síldveiði og síldarverkun í kaupstaðnum eða á höfninni, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má gjald leggja, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja

útsvar, ef þau hafa leyst borgarabréf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa Nr. 65. þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins. 14. nóvbr.

Heimilt er niðurfjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstórninni að halda þessum upplýsingum leyndum.

#### 11. gr.

(20. gr. laga 8. okt. 1883 og 1. gr. laga 11. júlí 1911).

Sjö manna nefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnunum og ástæðum.

Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurfjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn eru kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skifti, fara 3 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiftis 4 og 3 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosningu í bæjarstjórn, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosningu í bæjarstjórnina, getur skorast undan að taka á móti kosningu í niðurfjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefir 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefir í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurfjöfnunarnefnd og í bæjarstjórn.

Niðurfjöfnunarnefndin kys sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (11. gr.).

#### 12. gr.

(3. másl. 1. málgr. 21. gr. laga 8. okt. 1883).

Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurfjöfnun skuli fram fara er þess þykir þörf, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins eða rekið þar atvinnu eftir að aðalniðurfjöfnun fór fram og skyldir eru til að greiða skatt.

#### 13. gr.

(Síðasti másl. 25. gr. laga 8. okt. 1883).

Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, er þar um eru settar í samþykttinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

#### 14. gr.

(29. gr. laga 8. okt. 1883 og 2. gr. laga 11. júlí 1911).

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjarstjóranum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarstjórinn reikning þennan liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta, og um hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan, í 21. gr., um niðurfjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af 2 yfirskoðunarmönnum, er kosnir sjeu af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. gr. hafa kosningarrjett; skulu þeir kjörnir á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því að þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum þeirra, en það skal hann hafa gert innan hálfis mánaðar, skal leggja reikninginn, ásamt athugasemdum skoðunarmanna

Nr. 65. og svari gjaldkera, fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunar-  
14. nóvbr. manna og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd,  
sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (2. gr.). Nú  
vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjar-  
stjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má  
hann halda málinu til dóms og laga. Yfirskoðunarmönnum er og skylt að endurskoða  
reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta  
á prenti ágríp af honum, er bæjarstjórnin semji; á ágríp það að vera svo fullkomið, að  
til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

15. gr.

(30. gr. laga 8. okt. 1883).

Innan loka semptembermánaður ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning  
fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanna og úrskurðum  
bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist stjórnarráðið að því, þá er það yfirfer reikninginn  
eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögmet gjöld, neitað að greiða þau gjöld,  
sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal það  
gera þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, getur það með lögsókn komið  
ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

(Á eftir 30. gr. laga 8. okt. 1883 komi eftirfarandi 2 greinar):

16. gr.

Með samþykkt bæjarstjórnarinnar, staðfestri af stjórnarráðinu, má ákveða, að  
sjerstökum málefnum kaupstaðarins skuli stjórnað af föstum nefndum, og skal í  
samþykktinni tiltekið nánara um skipun þeirra, verksvið og vald.

17. gr.

Bæjarstjórn lætur fram fara leynilega atkvæðagreiðslu kjósenda um, hvort bæjar-  
stjóri skuli kosinn í stað bæjarfógeta.

Sje samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða, að svo skuli gert, ganga 2., 3.  
og 4. gr. laga þessara í gildi 1. janúar næstan á eftir. Að öðru leyti öðlast þau gildi 1.  
júli s. á. 31. gr. laga nr. 22, 8. okt. 1883, falli niður.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 14. nóvember 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

Sigurður Jónsson.